

Lög

Nr. 87.
14. nóvbr.

um

breyting á lögum nr. 21, 2. nóv. 1914, um notkun bifreiða,
og viðauka við sömu lög.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Stjórnarráðið getur, að fengnu álitni sýslunefndar þeirrar eða bæjarstjórnar, sem hlut á að máli, takmarkað eða bannað umferð bifreiða á vegum eða vegaköflum með öllu, eða um tiltekinn tíma, ef slík umferð telst hættuleg eða vera til sjerlegra óþæginda.

2. gr.

6. gr. 2. málgr. 1. setning laga nr. 21, 2. nóv. 1914, hljóði svo:

Í kaupstöðum, kaптúnunum og ámóta þjettbýli má ökuhraðinn aldrei vera meiri en 12 kílómetrar á klukkustund.

3. gr.

Aftan við 6. gr. komi tvær nýjar málgr., svo hljóðandi:

Á hverrifjórhjóra bifreið skal vera hraðamælir, er sýni farna vegalengd í kílómetrum. Ökumanni skal ávalt skylt að stöðva bifreið þegar í stað, ef lögreglumaður gefur honum merki til þess.

4. gr.

1. málgr. 7. gr. orðist svo:

Ef bifreið mætir vegfarendum, skal hún halda sjer vinstra megin á veginum. Bifreið skal þegar nema staðar, ef sá, sem hún mætir, gefur merki, og skal ökumaður gera það, sem í valdi hans stendur, til þess að þeir, er hann mætir, komist tálma- og slysalaust fram hjá honum. Svo skal og bifreiðarstjóri gæta þess eftir föngum, er hann vill fara fram fyrir vegfarendur, að eigi verði slys af eða tafir, og skal bifreiðin þá vera hægra megin á veginum. Nú fælist hestur eða verður órór, og skal bifreiðarstjóri þá þegar í stað stöðva bifreið og gangvjel hennar og styðja að því eftir fremsta megni, að vegfarendum verði eigi tjón eða tálmi að. Hins vegar skulu vegfarendur jafnan víkja úr vegi fyrir bifreiðum, sem öðrum vögnum, og aldrei tefja för þeirra að óþörfu.

Nr. 87.

14. nóvbr.

5. gr.

Framan við 9. gr. komi ný grein, svo látandi:

Bifreiðarstjóri skal hafa einkennishúfu á höfði, og skulu skrásetningarstafir þess umdæmis, þar sem hann hefir fengið skírteini, standa framan á húfunni, svo og tölumerki ökuskírteinis hans.

6. gr.

Eftir 9. gr. komi ný grein, er verði 10. gr., svo látandi:

Í bifreið hverri, er flytur fólk fyrir endurgjald, skal vera gjaldvísir, festur svo, að farþegar megi á hann lesa, og skal stjórnarráðið setja gjaldskrá handa bifreiðum fyrir mannfutninga.

Í hverri bifreið skulu vera til sýnis öll gildandi ákvæði laga og reglugerða um bifreiðar, svo og gjaldskrá.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó getur stjórnarráðið veitt frest til fullnægju ákvæðum 3. gr. 1. málsg. og 6. gr. til 1. apríl 1918.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal fella texta 1.—6. gr. inn í lög nr. 21, 2. nív. 1914, og getur konungur þá gefið þau lög út, þannig breytt, sem lög um notkun bifreiða.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 14. nóvember 1917.

Undir Vorri kónunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Jónsson.